

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um framtíð Keflavíkurflugvallar og slökkvilið.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

1. Hvernig sér ráðherra fyrir sér framtíð Keflavíkurflugvallar með tilliti til öryggismála sem tengjast slökkviliði Keflavíkurflugvallar?
2. Undir hvaða lög heyra slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli?
3. Hvers vegna er ekki föst viðvera sjúkrabíls á Keflavíkurflugvelli þar sem sérþjálfaður mannskapur er til staðar en það gæti létt verulega undir með nágrennaslökkviliðum á álagstímum?
4. Stendur til að lækka öryggisstig Keflavíkurflugvallar og fækka slökkviliðsmönnum?
5. Hver er staðan í endurnýjun á slökkviliðsbílum Keflavíkurflugvallar?
6. Hvers vegna var hætt við kaup á þremur nýjum Oshkosh-slökkviliðsbílum sem búið var að fá tilboð í og ganga að? Þurfti íslenska ríkið að borga skaðabætur fyrir að hætta við fyrirhuguð kaup?
7. Hvað greiðir íslenska ríkið fyrir leigu á þeim slökkviliðsbílum sem eru á Keflavíkurflugvelli? Hvernig er ástand þessara bifreiða? Hefur einhver ákvörðun verið tekin um kaup á frekari tækjakosti fyrir slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli?

Skriflegt svar óskast.